

Nd.

280. Frumvarp

til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Jóhann Þ. Jósefsson,
Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Pétur Ottesen, Thor Thors.

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður útgerðarmanna.

Ætlunarverk Skuldaskilasjóðs er að hjálpa fiskiskipaeigendum til að koma atvinnurekstri sínum á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll, meðal annars með því að ná hagkvæmum samningum við lánardrottna og aðra kröfuhafa um eftirgjafir skulda.

Veitir Skuldaskilasjóður fiskiskipaeigendum lán í þessu augnamiði, eftir þeim reglum, sem nánar eru tilgreindar í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé Skuldaskilasjóðs er 5 milljónir króna. Skal þess aflað sem hér segir:

1. Fiskveiðasjóður Íslands leggur sjóðnum til kr. 250 þúsund í reiðufé.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og það nú er ákveðið með lögum nr. 70 27. júní 1921, og lögum um breyt. á þeim lögum, nr. 11 29. maí 1925, og í lögum nr. 60 27. júní 1921 rennur óskert í Skuldaskilasjóð árin 1935 til 1940, að báðum þeim árum meðtöldum.
3. Til þess að nægilegt fé sé fyrir hendi, þegar Skuldaskilasjóður tekur til starfa, skal ríkisstjórnin, fyrir hönd rikissjóðs, útvega og ábyrgjast lán handa sjóðnum, allt að þrem milljónum íslenskra króna, eða tilsvarendi upphæð í erlendri mynt. Endurgreiðir sjóðurinn lánið með jöfnum afborgunum á 8.árum.

Útflutningsgjald það, sem er áskilið Skuldaskilasjóði í 2. lið þessarar greinar, er til tryggingar skilvisri greiðslu lánsins.

3. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru veitt eigendum fiskiskipa, til þess að ná samningum um eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum.

Lán má og veita þeim mönnum, sem rekstur hefir verið stöðvaður hjá, og þá til þess að þeir haldi eignum sínum og geti hafið rekstur á ný.

Ennfremur má veita lán til þess að eignast aftur útgerðartæki og aðrar eignir í sambandi við útgerð, ef lánbeiðendur hafa þegar verið sviptir þeim vegna fjárhagsörðugleika.

4. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu síðan endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

Lánin veitast gegn þeim tryggingum, sem sjóðstjórnin tekur gildar. Skulu þau vera forgangsskuldir, næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

Lánin eru vaxtalaus fyrstu þrjú ár lánstímans, en að þeim þrem árum liðnum getur sjóðstjórnin ákveðið, að greiða skuli vexti af lánum sjóðsins, allt að 3% p. a.

Verði eigandaskipti að hinni veðsettu eign, eða afborgun samkvæmt samningi er ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá réttum gjalddaga, getur stjórn Skuldaskilasjóðs ákveðið, að lánið sé þegar allt fallið í gjalddaga. Þó skal veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn Skuldaskilasjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgunina af höndum án hnekkis fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar áfram þann atvinnurekstur, sem lánið upphaflega var veitt til stuðnings.

5. gr.

Drátt fyrir ákvæði 4. greinar laga um veð, 4. nóv. 1887, er lantakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði veiðarfæri og húsgögn í einu lagi og án sérstakrar sundurliðunar, jafnt það, er veðsetjandi á, þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

Gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum lausafjár eða einstakra muna.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

6. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir skipaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsnefnda Alþingis. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndarmanna.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið innan tveggja ára frá því er hann tók til starfa. Eftir það hefir Fiskveiðasjóður Íslands á hendi afgreiðslu hans og reikningshald. Er starfssvið stjórnar Skuldaskilasjóðs eftir það eigi annað

en að taka ákvarðanir um framkomnar beiðnir um breytingar á afborgunum og öðrum lánskjörum.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs, úrskurðaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Til aðstoðar stjórn Skuldaskilasjóðs og lánbeiðendum til fyrirgreiðslu skal í hverju sveitarfélagi og í hverjum kaupstað, þar sem útgerð er rekin til fiskveiða, skipaður skuldaskilaumboðsmaður.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skipar skuldaskilaumboðsmenn og ákveður þóknun til þeirra.

Ennfremur skipar stjórn Skuldaskilasjóðs tvo menn á sömu stöðum til þess að virða eignir lánbeiðanda. Getur sjóðstjórnin ákveðið, að skuldaskilaumboðsmaður skuli vera annar virðingarmannanna.

8. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu sendar skuldaskilaumboðsmanni í þeim hreppi eða kaupstað, sem lánbeiðandi á heima í, en stílaðar skulu þær vera til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

- a. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
- b. Sundurliðuð skýrsla um eignir og skuldir lánbeiðanda, eins og þær eru, þegar um lánið er beðið. Skal þar fram tekið, hverjir eru skuldaeigendur, hver lánskjör eru og hverjar tryggingar.
- c. Skýrsla um ábyrgðir, sem á lánbeiðanda hvíla. Skal þar fram tekið, hverjar aðrar tryggingar en ábyrgð hans eru fyrir þeim skuldum.
- d. Vottorð hreppstjóra um það, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið útgerð til fiskveiða.

Skuldaskilaumboðsmaður skal tafarlaust láta virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða eignir lánbeiðanda, og senda síðan lánbeiðnina, svo fljótt sem auðið er, til sjóðstjórnarinnar, með þeim gögnum, er henni fylgdu, virðingargerð virðingarmanna og rökstuddu áliti sínu um hag lánbeiðanda og afkomuhorfur fyrir rekstur hans.

9. gr.

Um leið og skuldaskilaumboðsmaður sendir lánbeiðni til stjórnar Skuldaskilasjóðs skal hann tilkynna það skiptaráðanda. Er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þar til samningum um skuldaskil er lokið á einhvern hátt. Kröfuréttur, hverju nafni sem nefnist, fynnist ekki á þessu tímabili.

Frá því að lánbeiðni er send og þar til skuldaskilum er lokið, ef lánbeiðni er sinnt, má lánbeiðandi ekki gera neinar þær ráðstafanir, er gera hag hans lakari en áður. Hann má ekki selja eignir sínar, fram yfir venjulega afurðasölu, og ekki greiða áður stofnaðar skuldir.

10. gr.

Innan mánaðar frá því að stjórn Skuldaskilasjóðs fær lánbeiðni í hendur, ásamt gögnum þeim, sem tilskilin eru í 8. gr., skal hún veita úrskurð um það, hvort lán verður veitt, ef samningar takast við kröfuhafa. Skal hún þá þegar, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, skora á þá, sem fjárkröfur eiga á hendur lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir sjóðstjórninni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. En auglýsingin skal þrisvar birt.

Í auglýsingunni skal fram tekið, að ótryggðar kröfur og ábyrgðir, sem lánbeiðandi er í fyrir aðra, falli niður, ef þeim er ekki lýst áður en hinn auglýsti frestur er liðinn.

Ef kröfuhafi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu áður en tilskilinn frestur var liðinn, færir fyrir því sterkar líkur meðan á skuldaskilum stendur, að hann hafi ekki átt kost á því að sjá auglýsinguna, getur sjóðstjórnin þó tekið kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður allar þær kröfur, sem ekki er lýst innan hins auglýsta frests.

11. gr.

Þegar er skuldakröfuinnköllun hvers lánbeiðanda er lokið, skal sjóðstjórnin boða á skuldaskilafund alla þá, er kröfum hafa lýst. Á sama hátt lánbeiðanda.

Jafnframt skal sjóðstjórnin semja frumvarp til skuldaskila fyrir lánbeiðanda. Skal í frumvarpinu fyrst greint milli skulda þeirra, sem samningar ná ekki til, og hinna, sem ætlazt er til, að um sé samið, og síðan gerð glögg grein fyrir því, hverjig ætlazt er til, að samið verði um síðartöldu skuldirnar.

Frumvarpið skal vera til sýnis í skrifstofu stjóðstjórnarinnar þeim, er hlut eiga að máli, að minnsta kosti vikutíma fyrir skuldaskilafund.

12. gr.

Skuldaskilafundur er lögmaður, ef hann hefir verið undirbúinn og boðaður samkvæmt 8., 10. og 11. gr. laga þessara og lánbeiðandi er þar mættur, eða umboðsmaður hans, ásamt meiri hluta sjóðstjórnarinnar og kröfuhöfum, er ráða yfir meiri hluta skulda þeirra, er um skal semja.

Frumvarpið og þær breytingartillögur, sem fram kunna að koma við það á fundinum, skal ræða og síðan bera undir atkvæði kröfuhafa, sem mættir eru. Atkvæðisrétt hafa menn í hlutfalli við það, sem kröfur þeirra nema af samanlagðri kröfuupphæð þeirri, sem samningar eiga að ná til.

Sé frumvarpið breytt orðið að lokinni atkvæðagreiðslu um breytingartillögur, getur sjóðstjórnin gert eitt af þrennu:

1. Látið frumvarpið svo breytt fara undir atkvæði.
2. Ákveðið um það aðra umræðu.
3. Lýst yfir, að samningaumleitun verði ekki haldið áfram.

Ef engar breytingar eru samþykktar við frumvarpið, lætur sjóðstjórnin fara fram atkvæðagreiðslu um það á fundinum.

Hljóti frumvarpið atkvæði svo margra kröfuhafa, að þeir ráði yfir meiru

en helmingi af kröfum þeim, sem samningar eiga að ná til, er sjóðstjórninni heimilt að staðfesta það, og er það þá bindandi fyrir alla kröfuhafa, eins þá, sem greitt hafa atkvæði móti því eða ekki mætt á fundinum.

Frumvarp, sem sjóðstjórnin hefir staðfest, leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar kröfu, sem undan greiðslu er skilin í hinu staðfesta frumvarpi, svo og undan ábyrgðum, eftir því, sem þar er fyrir mælt.

13. gr.

Skuldir þær, sem samningar ná ekki til samkvæmt 11. gr., eru:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi. Þó ekki hærri fjárhæð en virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða þessar eignir.
2. Skuldir tryggðar með handveði.
3. Skuldir tryggðar með veði í lausafé, ef sú tryggingargerð fór fram að minnsta kosti ári áður en lánbeiðni var send sjóðstjórninni.
Um tölulið 2. og 3. gildir þó sama undantekning eins og um 1. lið.
4. Forgangskröfur skv. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti, sem eignir skuldunauts teljast að hrökkva fyrir þeim.

14. gr.

Þegar skuldaskilasamningur hefir verið staðfestur, skal lánið þegar afgreitt, og sér stjórn sjóðsins um skuldaskilin að öllu leyti samkvæmt skuldaskilasamningnum.

15. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

16. gr.

Gjaldagi lána úr Skuldaskilasjóði er 1. nóvember ár hvert.

17. gr.

Í reglugerð fyrir Skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

18. gr.

Þegar Skuldaskilasjóður hefir að fullu greitt lán þau, sem hann hefir tekið, eða tekin hafa verið af rikissjóði hans vegna, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskiveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán Skuldaskilasjóðs afborgast.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Á aðalþinginu 1933 báru sjálfstæðismenn í Nd. fram þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hag og rekstrarafkomu sjávarútvegsins og gera tillögur til umbóta.

Skömmu eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin millipinganefnd í málið. Er frv. þetta samið af þeirri nefnd, og var til þess ætlað, að það yrði flutt sem stjórnarfrumvarp. Ríkisstjórnin hefir þó eigi séð sér fært að taka málið að sér á þessu þingi, og heldur eigi sjávarútvegsnefnd Nd. Er því frv. flutt af nokkrum þingmönnum, sem telja, að málið ráði bót á svo brýnni þörf, að eigi megi láta undir höfuð leggjast að freista þess að lögfesta fyriræli frv. þegar á þessu þingi.

Frá millipinganefndinni fylgdi frv. svo hljóðandi

Greinargerð.

Samkvæmt þeirri athugun, sem millipinganefnd í sjávarútvegsáttálum hefir látið gera á fjárhagsáttálum sjávarútvegsmanna, voru eignir þeirra í árslok 1932 ca. 32,5 milljónir króna, en skuldir ca. kr. 26,5 milljónir. Skuldir móti eignum þannig 81,8%.

Við þetta er það að athuga, að nokkuð skortir á, að efnahagsskýrslur hafi fengizt frá öllum sjávarútvegsmonnum. Einnig það, að árin 1933 og 1934 hefir útgerðin vitanlega verið rekin með halla. Hlutföllin milli eigna og skulda hafa því alveg eflaust versnað síðan í árslok 1932.

Tilgangur Alþingis með því að fyrirskipa rannsókn á fjárhagsáttálum og afkomuhorfum sjávarútvegsmanna var eflaust sá, að með því yrði fundinn grundvöllur til að byggja á aðgerðir til viðreisnar atvinnurekstri þeirra. Nú er það vist, að saman þarf að fara rétting fjárhagsins og ráðstafanir, er geri útvegsmonnum unnt að láta tekjurnar að minnsta kosti standast á við útgjöldin.

En þótt þetta tvennt þurfi að fara saman, verður samt að greina það hvort frá öðru og vinna að hvoru fyrir sig. Með það fyrir augum hefir millipinganefndin samið frumvarp þetta um skuldaskil sjávarútvegsmanna.

Það, sem fyrst liggur fyrir, er það, að gera sér grein fyrir, hversu mikið fé þarf til þess að koma útgerðinni á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll.

Skuldir útgerðarmanna í tveim hinum lakari efnahagsflokkum (þeirra, sem skulda 75—100% móti eignum, og þeirra, sem skulda yfir 100% móti eignum), eru samtals kr. 20251905,00. En eignir sömu manna eru samtals kr. 19897-526.00. Til þess að skuldir þessara manna komist niður í 65% móti eignum — en lakari hlutföll milli eigna og skulda geta að voru álitu varla talizt heilbrigður fjárhagur —, þyrftu þær að lækka um nál. 7 milljónir. Þegar það er svo tekið með í reikninginn, að fjárhagur sumra þeirra, sem eru í 2. flokki (skulda 50—75% móti eignum), þyrfti einhverra lagfæringa með, einnig það, að í efnahagsyfirlitið vantar eflaust einhverja, sem eru hjálpar þurfi, og loks það, sem mestu varðar í þessu sambandi, að hagur útvegsmanna hefir eflaust versnað árin 1933 og 1934, — þá virðist nefndinni, að gera þurfi ráð fyrir 8—10 millj. kr. skulda-lækkun alls hjá útgerðarmönnum.

Eins og frumvarpið sýnir, ætlast nefndin til að þessu marki verði náð með samningum við lánardrottna um eftirgjafir skulda. En til þess að svo verulegar skuldaeftirgjafir fáist, að náð verði því marki, sem hér er sett, verður allmikið fé að vera fyrir hendi til skuldalúkningar. Sýnist nefndinni, að fé þetta þyrfti að vera allt að 5 millj. kr., og hefir því gert ráð fyrir, að stofnfé Skuldaskilgjóðs verði sú fjárhæð.

Varla munu skiptar skoðanir um það nú orðið, að það sé einhver mesta þjóðarnauðsyn, að sjávarútvegur landsmanna fái staðizt. Á honum hvílir mestur þungi ríkisbúsins, auk þess að verulegur hluti þjóðarinnar hefir lífsframsfæri sitt af þessum atvinnureksti. Af þessu er alveg ljóst, að hvorki almenningur né ríkissjóður fær staðizt það, að útvegurinn færist að nokkrum mun saman.

Ef athuguð eru viðskipti ríkissjóðs og sjávarútvegsins, þá sést, að þar hefir verið háður ójafn leikur undanfarin ár. Flestir þeir, sem greiða veruleg gjöld í ríkissjóð, fá tekjur til þess frá sjávarútveginum, eftir ýmsum leiðum. Innflutningsgjöld af vörum til útgerðarinnar eru geysihá. En auk þess eru tekin stórmikil bein gjöld af fiskiflotanum í ríkissjóð.

Á móti þessu kemur ekki það, sem teljandi sé frá ríkinu í þarfir fiskiflotans, annað en það, sem varið er til vita og landhelgisgæzlu, og svo smástyrkir til lendingarbóta.

Ofan á þetta bætist svo það, að lögð eru þung útflutningsgjöld til ríkissjóðs á alla framleiðslu útgerðarmanna.

Útflutningsgjöld til ríkissjóðs af sjávarafurðum hafa 5 síðastliðin ár verið þessi:

| | |
|------------|------------------|
| 1928 | kr. 1 207 000.00 |
| 1929 | — 1 116 000.00 |
| 1930 | — 1 003 000.00 |
| 1931 | — 856 000.00 |
| 1932 | — 865 000.00 |

Að meðaltali *rúmlega ein milljón króna á ári.*

Engin fiskiveiðaþjóð í Norðurlálfunni nema Íslendingar leggur útflutningsgjald til ríkissjóðs á sjávarafurðir, en sumar þeirra veita beinan styrk til fiskiveiða eða verðlauna fyrir útflutning sjávarafurða. Það virðist líka ekki rétt hugsað, að leggja einskonar refsingu við framleiðslu nauðsynjavara til útflutnings. En bert er, hver fjarstæða það er að láta atvinnugrein, sem almenningur hefir uppeldi sitt af og rekin er með stórkostlegum tekjuhalla ár eftir ár, greiða af framleiðslunni sömu árin milljónir króna í *beinan* skatt til ríkissjóðs.

Að öllu þessu athuguðu: Hversu mikið ríkið og landsfólkið á undir afkomu útgerðarinnar, hversu miklar fórnir hún hefir fært ríkissjóði, og hversu illa hún nú er stödd, mun flestum sýnast, að útgerðin eigi kröfu á því, að ríkið rétti hag hennar.

Þessi krafa væri óefað réttmæt, þótt ríkissjóður ætti að leggja féð fram beinlinis. En nú standa svo sakir, að telja má að minnstá kosti líklegt, að útgerðin þurfi engin *bein* framlög úr ríkissjóði til þess að komast á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll.

Eftir þeim áætlunum, sem millipinganefndin hefir gert um skuldaskil fiskiskipaeigenda, eiga útflutningsgjöldin af sjávarafurðum næstu 6 ár að nægja til þessa, með þeim skuldaeftirgjöfum, sem líklegt er að fást myndu.

Þetta, að sjávarútvegurinn þarf ekki að krefjast beinna fórna af ríkissjóði, og þess vegna ekki stuðnings annara atvinnuvega til fjárhagsviðreisnar sér, heldur hyggst að rétta sig við af eigin rammleik, gerir það miklu eðlilegra og sjálf-sagðara, að hinn óbeini stuðningur sé veittur.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er hin eina lánsstofnun, sem eingöngu er ætlað það hlutverk að styðja sjávarútveginn. Honum er og ætlað að leggja Skuldaskilasjóði $\frac{1}{4}$ milljón króna í upphafi. Eðlilegt virðist því, að Skuldaskilasjóður starfi í sambandi við þessa lánsstofnun.

Rétt þykir, að fiskiskipaeigendur einir eigi kost á lánum úr Skuldaskilasjóði. Annar atvinnurekstur í sambandi við útgerð, svo sem fiskikaup og vinnsla úr sjávarafurðum, telst frekar til verzlunar og iðnrekstrar heldur en til sjávarútvegs.

Um 2. gr.

Ætlað er til, að stofnfé Skuldaskilasjóðs verði 5 milljónir króna. Nú er gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður Íslands leggi fram 250 þús. kr. af þessari upphæð. Vantar þá $4\frac{3}{4}$ millj. kr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum hefir 5 síðastl. ár (1928—1932) verið að meðaltali rúml. ein milljón kr. á ári. Síðustu tvö árin var það þó ekki nema 856—865 þús. kr. Og með tilliti til þess að líklegt er, að útflutningsgjald af saltaðri sild lækki, þykir ekki fært að áætla útflutningsgjöldin næstu 6 ár hærri en 750—800 þús. kr. á ári. En það ætti þó að nægja til þess að fylla 5 milljónir með framlagi Fiskveiðasjóðs.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgrein er áður skýrð.

Um síðari málsgreinar er það að segja, að bankarnir eru öðruhverju að taka rögg á sig og „gera menn upp“ einn og einn. Nú mun eflaust standa svo á, er Skuldaskilasjóður tekur til starfa, að rekstur hafi verið nýlega stöðvaður hjá einhverjum útgerðarmönnum, og að eignum þeirra sé ekki ráðstafað, þótt þeir hafi ekki lengur ráð á þeim né geti talizt eigendur útgerðar. Þykir rétt, að menn þessir eigi kost á því, ekki síður en aðrir, sem árferðið hefir leikið hart, að þeim sé hjálpað til að rétta hlut sinn.

Um 4. gr.

Það er ekki óvenjulegt, að lán séu afborgunarlaus eitt til tvö fyrstu ár láns-tímans. Þegar eins stendur á og hér, að lánið er beinlínis ætlað til efnahagsvið-réttingar, er nauðsynlegt, að lántakandi fái eitthvert svigrúm, áður en afborganir hefjast.

Um lánstímann geta verið skiptar skoðanir. Lán úr Kreppuláναςjóði eru veitt til allt að 42 ára. En verðmæti þau, er standa að baki lánum til sjávarút-

vegsins, eru yfirleitt miklu skjótari fyrningu háð heldur en þau verðmæti, sem venjulega eru trygging fyrir landbúnaðarlánunum. Þykir því sjálfsagt að hafa lánstímann miklu styttri hér. Virðist nefndinni, að hann mætti ekki vera lengri en 20 ár, en til greina gæti komið að hafa hann mismunandi langan, eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar, sem þá miðaði lánstímann að einhverju leyti við tryggingarnar.

Nefndin telur rétt, að vaxtakjör á lánunum þessum séu sérstaklega vægileg, vegna þess, að það er sjávarútvegurinn sjálfur, sem á að leggja lánsféð fram.

Um 5. gr.

Gera má ráð fyrir, að hin verðmætari og tryggari veð lántakanda verði yfirleitt bundin, áður en til þess kemur að tryggja lán Skuldaskilasjóðs. Verður þá sjóðurinn að sætta sig við síðari veðrétti og tryggingar í lausafé. Virðist því réttmætt, að vegna Skuldaskilasjóðs séu veittar undantekningar þær, sem um ræðir í 5. gr.

Um 6. gr.

Í framkvæmd verður Skuldaskilasjóður deild í Fiskveiðasjóði Íslands. Fiskveiðasjóður leggur honum til hluta af stofnfénu, og eignast hann að lokum. Réttmætt virðist því, að hann annist afgreiðslu og reikningshald sjóðsins eftir það, að lánveitingum er lokið. Hinsvegar virðist ekki rétt, að stjórn Fiskveiðasjóðs, sem hefir einhliða hagnað af því að ná lánunum inn sem skjótast og gersamlegast, fái einnig rétt til ákvörðunar um greiðslufresti og því um líkt.

Um 7. gr.

Sjálfsagt er, að í hverju hæfilegu umdæmi verður að vera einhver milli-liður milli lánbeiðanda og sjóðstjórnarinnar. Of þunglamalegt er að hafa til þess nefnd manna, og virðist því bezt, að það sé einn valinn maður.

Þessi maður yrði fyrst og fremst trúnaðarmaður sjóðstjórnarinnar, þótt hann aðstoðaði einnig lánbeiðendur, og er því sjálfsagt, að sjóðstjórnin velji hann sjálf.

Ekki má ætlast til, að sjóðstjórnin hliti öðru mati en því, er hún lætur sjálf framkvæma, á eignum lánbeiðanda. Og þar sem gera verður ráð fyrir, að hún venjulega veldi þann mann fyrir skuldaskilaumboðsmann, sem bezt væri til þess fallinn að gera slíka efnahagsathugun, virðist rétt, að hann geti orðið annar virðingarmanna, ef sjóðstjórninni sýnist svo.

Um 8. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ætlast er til, að eftir það, að lánbeiðni er tekin fyrir, verði skuldaskilum hraðað sem mest. Ætti það því ekki að valda miklum óþægindum fyrir kröfuhafa, þótt stöðvaðar séu aðfarir að lánbeiðendum meðan á skuldaskilum stendur. En það er alveg nauðsynlegt, að skuldaskilum verði ekki raskað á þann hátt. Jafnsjálfsagt er að mæla svo fyrir, að kröfur fýrnist ekki á þessum tíma.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að skýra ákvæði þessarar greinar.

Um 10. gr.

Þarf engra skýringa.

Um 11. gr.

Í 13. gr. er fram tekið, hverjar þær skuldir eru, sem samningar ná ekki til. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Til mála gat komið að mæla svo fyrir, að skuldaskilafundur væri lögmaður, ef löglega var til hans boðað, án tillits til þess, hvort fleiri eða færri kröfuhafar mættu.

Það mundi knýja kröfuhafa til að mæta, en höfuðskilyrði fyrir því, að samningar takist, eru ætið þau, að þeir, sem hlut eiga að máli, hittist og talist við.

Nefndin sá þó ekki fært að ganga svo langt, og telur að treysta verði því, að yfirleitt verði virt svo mikils sú þjóðarnauðsyn, sem lausn þessara mála er, að aðilar verði fúsir til að mæta, eða láta mæta, á skuldaskilafundum. En ófært þykir, að minni hluti kröfuhafa geti stöðvað samninga orðalaust með fjarveru sinni.

Oftast mundi sjóðstjórnin hætta samningum, ef stórbreytingar yrðu gerðar á frumvarpi hennar. En rétt þykir að gera ráð fyrir, að þá megi taka upp samninga þegar aftur af nýju, því ekki er loku fyrir skotið, að þá gengi saman, þótt það tækist ekki í fyrstu.

Liklegt er að sönnu, að þessi aðferð yrði höfð, þótt ekkert ákvæði væri um það í lögnum. En sé það rétt, er þá ekki heldur neitt á móti því, að lögin geymi ákvæði um það.

Eðlilegt virðist, að meiri hlutinn bindi minni hlutann, þegar þjóðarnauðsyn má teljast að samningar náist, og er því ákveðið, að afl atkvæða, samkv. kröfuuþphæð, ráði úrslitum á skuldaskilafundum.

Um 13. gr.

Í þessari grein er gengið út frá því, að veðhafar haldi þeim veðtryggingum, sem þeir hafa fyrir skuldum sínum. En sökum þess, að algengt er, að lánsstofnanir, er lána sjávarútvegsmönnum, taki veð í eignum manna fyrir miklu hærrí fjárhæð heldur en veðin eru verð, þykir nauðsynlegt að undanskilja ekki skuldaskilasamningum hærrí fjárhæð en þá, sem veðið er virt af virðingarmönnum Skuldaskilasjóðs. Að öðrum kosti mundi oft fara svo, að einn lánardrottinn gæti varnað því, að unnt væri að gera skuldaskilasamning og rétta við fjárhag skuldunauts.

Í eðli sínu tryggir ekki veðið heldur hærrí fjárhæð en þá, sem það sjálf er vert.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um Kreppulánasjóð, svo hér er ekki um neina nýng að ræða. Hefir og fleirum en Íslendingum sýnzt hið sama, því í kreppuhjálpárlögum Norðmanna eru hliðstæð ákvæði.

Um 14. gr.

Öruggast er, að stjórn Skuldaskilasjóðs sjái að öllu leyti um skuldaskil samkvæmt skuldaskilasamningi. Bæði er henni það auðveldast og kostnaðar-

minnst, þar eð allir aðilar mæta hjá henni, og svo veitir það nauðsynlega tryggingu fyrir því, að lán úr sjóðnum gangi eingöngu til þess, sem þau eru ætluð.

Um 15., 16. og 17. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 18. gr.

Eðlilegt virðist, að það, sem endurgreiðist af lánum Skuldaskilasjóðs, gangi til eflingar sjávarútvegi landsmanna, þar eð sjávarútvegurinn á að leggja lánsféð til. Fiskeiðasjóðurinn er sú lánsstofnun, sem eingöngu er ætlað að styðja sjávarútveginn, en skortir mjög fé til þess að fullnægja ætlunarverki sínu.